

## FUNDARGERÐ

**Föstudaginn 27. mars 2015 kl. 12:00** kom nýskipuð ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómhúsi, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólsgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Sverrisdóttir formaður, Ásgerður Gyldfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni. Gestir fundarins voru Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri og Hermann Sæmundsson skrifstofustjóri.

Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri ávarpaði nefndina og gerði m.a. grein fyrir því mikilvæga hlutverki sem nefndin gegndi fyrir innanríkisráðuneytið og starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Óskaði hún og Hermann Sæmundsson nefndinni velfarnaðar í störfum sínum.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### NÝ RÁÐGJAFARNEFND

Þar sem um fyrsta fund nýrrar ráðgjafarnefndar var að ræða var farið yfir ýmsa þætti er snerta störf nefndarinnar.

### KYNNING Á STARFSEMI JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA

Forstöðumaður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga kynnti hlutverk sjóðsins á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er annars vegar að jafna mismunandi útgjaldabörf og skatttekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum á grundvelli ákvæða laga, reglugerða og vinnureglna sem settar eru um starfsemi sjóðsins og hins vegar greiðsla framlaga til samtaka sveitarfélaga, stofnana þeirra og annarra aðila í samræmi við ákvæði laga.

Farið var yfir tekjuþróun sjóðsins frá árinu 1990 og tekjuáætlun fyrir árið 2015 sem nemur um 39.031 m.kr.

Gerð var grein fyrir ráðstöfun tekna sjóðsins, sbr. ákvæði reglugerðar, nr. 960/2010, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og sérstökum reglugerðum sem kveða nánar á um greiðslur einstakra framlaga úr sjóðnum. Framlög sjóðsins skiptast í: Bundin framlög, sérstök framlög, jöfnunarframlög, jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla og jöfnunarframlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra.

### FRAMLÖG VEGNA FJÁRHAGSERFIÐLEIKA

#### Breiðdalshreppur

Fram kom að Breiðdalshreppur hafi að undanförunu átt í samskiptum við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélagsins.

Á fundinum var lagt fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi innanríkisráðuneytis, dags. 18. mars 2015. Í erindi ráðuneytisins kemur fram að 11. febrúar sl. hafi ráðuneytið og Breiðdalshreppur gert með sér samkomulag á grundvelli 2. mgr. sbr. 1. mgr. 83. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Markmið samkomulagsins sé að tryggja sjálfbærni í rekstri sveitarfélagsins og stuðla að markvissri vinnu við fjárhagslega endurskipulagningu og hagræðingu í rekstri. Í samkomulaginu, sem lagt var fram til kynningar á fundinum, kemur fram að það sé gert að fenginni umsögn eftirlitsnefndarinnar og að ráðuneytið muni beita sér fyrir því að samhliða samkomulaginu verði úthlutað framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til greiðslu kostnaðar við störf sérfræðings sem ráðinn verður til starfa tímabundið til aðstoðar og ráðgjafar við undirbúning aðgerða sem sveitarstjórn þarf að grípa til og ákveður að komi til framkvæmda á gildistíma samkomulagsins.

Með tilvísun til þessa og ákvæða b. liðar 7. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, fer innanríkisráðherra þess á leit við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að sjóðurinn veiti Breiðdalshreppi sérstakt framlag að fjárhæð allt að 15,0 m.kr. í tengslum við samkomulag ráðherra.

Beiðni innanríkisráðuneytisins um úthlutun framlags að fjárhæð allt að 15 m.kr. á grundvelli b. liðar 7. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, fékk jákvæða umfjöllun nefndarinnar.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að óskað væri eftir greinargerð frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem frekari upplýsingar kæmu fram um tildrög samkomulagsins. Þegar sú greinargerð lægi fyrir hjá sjóðnum væri beiðni ráðuneytisins tekin til afgreiðslu.

Að tillögu nefndarinnar mun innborgun inn á væntanlegt framlag til Breiðdalshrepps, að fjárhæð allt að 5,0 m.kr., fara fram á næstu dögum.

## **VATNSVEITUFRAMKVÆMDIR Á LÖGBÝLUM**

### **Viðbótarumsókn vegna ársins 2014**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga Bændasamtaka Íslands frá 18. mars 2015 um úthlutun viðbótarframlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna vatnsveituframkvæmda á lögbýlum á árinu 2014 á grundvelli reglugerðar, nr. 973/2000.

Í bréfi Bændasamtakanna kemur fram að við yfirferð umsókna og úttekta vatnsveitustyrkja vegna ársins 2014 hafi komið í ljós að úttekt á einni framkvæmd hafi ekki borist til Búnaðarstofu til endanlegrar afgreiðslu frá úttektaraðila á réttum tíma. Umsóknin hafi á sínum tíma verð afgreidd með jákvæðum hætti, eins og fram kom á yfirliti yfir samþykktar styrkumsóknir sem sent var Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 2. júní 2014.

Heildarkostnaður vegna viðbótarumsóknar Bændasamtakanna, dags. 18. mars 2015, nemur 1.258.432 kr. og 44% þátttaka sjóðsins 553.710 kr.

Áður hafði komið til úthlutunar framlag að fjárhæð 8.346.831 kr. Með tilvísun til þessa næmi heildarfjárhæð framlaga vegna vatnsveituframkvæmda á árinu 2014 samtals 8.900.541 kr.

Með tilvísun til ráðstöfunarfjármagns Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til vatnsveituframkvæmda á ársgrundvelli að fjárhæð allt að 25 m.kr., að teknu tilliti til 44% þátttöku, samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að framangreind beiðni Bændasamtakanna um viðbótarframlag að fjárhæð 553.710 kr. væri tekin til greina með þeim fyrirvara að ákvæði reglugerðar nr. 973/2000 stæðu þar ekki í vegi.

## **YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS**

### **BARNAVERNDARSTOFA**

#### **Beiðni um endurgreiðslu kostnaðar v. vistunarnemenda á haustönn 2014**

Erindi hafði borist frá Barnaverndarstofu, dags. 11. mars 2015, þar sem óskað var eftir greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á grundvelli 7. gr. reglugerðar nr. 351/2002 vegna kostnaðar af almennri kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð voru af Barnaverndarstofu utan lögheimilissveitarfélags á haustönn 2014. Um er að ræða kostnað samtals að fjárhæð 2.221.869 kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að verða við beiðni Barnaverndarstofu um endurgreiðslu. Kostnaðurinn verður innheimtur af framlögum Jöfnunarsjóðs til viðkomandi lögheimilissveitarfélaga barnanna

## **YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS BREYTINGAKOSTNAÐUR**

### **Reykjavíkurborg**

Lögð voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar frá 26. og 29. janúar sl. Í erindunum er óskað eftir fjárframlagi vegna innra eftirlits með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á grundvelli c. liðar 5. gr. reglugerðar nr. 242/2014 um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2014.

Annars vegar er um að ræða beiðni, dags. 26. janúar 2015, um framlag að fjárhæð 580.000 kr. vegna kostnaðar við ítarlega gæðaúttekt á einum búsetukjarna á þjónustusvæði Reykjavíkurborgar vegna fatlaðs fólks.

Hins vegar er um að ræða beiðni, dags. 29. janúar 2015, um framlag að fjárhæð 2.933.502 kr. vegna 50% stöðu verkefnisstjóra sem ætlað er að sinna innra eftirliti hvað varðar búsetuúrræði Reykjavíkurborgar fyrir fatlað fólk.

Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nr. 92/1992, bera sveitarfélög ábyrgð á gæðum þjónustu við fatlað fólk og skulu ennfremur hafa innra eftirlit með framkvæmd þjónustunnar. Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að framangreind erindi Reykjavíkurborgar væru samþykkt og til úthlutunar kæmi framlag samtals að fjárhæð 3.513.502 á grundvelli c. liðar 5. gr. reglugerðar nr. 242/2014.

## **FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARFRÆÐSLU**

### **Umsókn um framlag vegna veikindaforfalla 2014**

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar, dags. 12. mars 2015, þar sem óskað er eftir sérstöku framlagi að fjárhæð 493.615 kr. vegna langtímaforfalla í tónlistarskólum á grundvelli 6. gr. reglugerðar um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, nr. 23/2013.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að erindi Reykjavíkurborgar væri tekið til greina. Framlag að fjárhæð 493.615 kr. kemur til greiðslu á næstu dögum.

## **ÖNNUR MÁL**

### **Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2015**

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga verður Fjármálaráðstefna sveitarfélaga haldin daganna 24. og 25. september nk. á Hilton Reykjavík Nordica.

Ársfundur Jöfnunarsjóðs hefur undanfarin ár verið haldinn samhliða Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og hefur verið lögð inn pöntun á sal fyrir VIII. ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miðvikudaginn 23. september 2015.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fari fram 23. september 2015 og mun fundurinn hefjast kl. 16:00.

### **Árlegur fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa sveitarfélaga og grunnskólafulltrúum**

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur fundað árlega með forstöðumönnum skólaskrifstofa sveitarfélaga og grunnskólafulltrúum sveitarfélaga um mánaðamót nóvember og desember ár hvert. Fundarefni hefur ætíð verið tengt grunnskólanum og komu fram tillögur á fundinum um eftirfarandi fundarefni á næsta fundi:

- Heilsueflandi grunnskóli
- Málefni fatlaðra grunnskólanemenda

**Næstu fundir**

Ákveðið var að næstu fundir ráðgjafarnefndar yrðu miðvikudaginn 8. apríl og mánudaginn 11. maí kl. 12:00 báða fundardagana

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 15:30.

Halldór V. Kristjánsson